



Borgarráð

### **Húsnæðisáætlun Reykjavíkur: Yfirlit 4. ársfjórðungs 2022 og ársins í heild**

Lagt er fram til kynningar yfirlit innleiðingar húsnæðisáætlunar Græna plansins á fjórða ársfjórðungi ársins 2022 og ársins í heild.

Í yfirlitinu kemur fram að á 4. ársfjórðungi hafi verið lokið við 258 nýjar íbúðir í Reykjavík og að 36 þeirra eða um 14% hafi verið hagkvæmt húsnæði á viðráðanlegu verði eða félagslegt. Á árinu öllu hafi verið lokið við byggingu 1.034 íbúða og hafi 408 eða rúm 39% verið hagkvæmt húsnæði á viðráðanlegu verði eða félagslegt. Þá hafi skv. ársskýrslu byggingarfulltrúa verið skráðar 1.062 fullgerðar íbúðir í Reykjavík árið 2022, samanborið við 1.252 árið 2021.

Einnig kemur fram að byggingarfulltrúi hafi samþykkt áform um byggingu 240 íbúða á 4. ársfjórðungi 2022 og 773 á árinu öllu, auk 105 stúdentaíbúða. Hafin hafi verið bygging á 242 íbúðum á fjórða ársfjórðungi og 913 á árinu öllu, auk 105 stúdentaíbúða á Hótel Sögu. Alls hafi 2.478 íbúðir verið í byggingu við lok ársins.

Þann 12. ágúst 2022 var rammasamningur ríkis og sveitarfélaga um átak í húsnæðisuppbyggingu lagður fyrir borgarráð. Gert er ráð fyrir 20.000 nýjum íbúðum á landinu næstu 5 árin og 35.000 næstu 10 árin. Þar af verði 5% íbúðanna félagslegar í eigu sveitarfélaga og 30% hagkvæmar á viðráðanlegu verði.

Hlutdeild Reykjavíkur er 36% skv. hlutfalli af íbúafjölda en skv. samkomulagi borgar, innviðaráðuneytis og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar frá 5. janúar 2023 er gert ráð fyrir byggingu allt að 2.000 íbúða á ári næstu 5 árin og að jafnaði 1.200 á ári næstu fimm árin eftir það - allt að 16.000 íbúðum til og með 2032.

Reykjavíkurborg hefur með samkomulaginu skuldbundið sig til að hafa til reiðu byggingarhæfar lóðir fyrir byggingu 1.500 til 3.000 íbúða á hverjum tíma. Skv. yfirlitinu voru til byggingarhæfar lóðir fyrir byggingu 2.219 íbúða í lok árs 2022.

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri

Hjálagt:

Húsnæðisáætlun Reykjavíkur: Yfirlit 4. ársfjórðungs 2022 og heildaryfirlit ársins



Reykjavík

# Húsnæðisáætlun Reykjavíkur

Yfirlit 4. ársfjórðungs 2022 og ársins í heild

---

---

Athafnaborgin  
Apríl 2023



# Fjórði ársfjórðungur 2022



**4.229**

...er fjölgun íbúa í Reykjavík á árinu 2022. Þeim fjölgaði um 1.295 á 4. ársfjórðungi, 1.551 á þeim þriðja, 1.113 á öðrum og 270 á þeim fyrsta.



**139.928**

...er fjöldi íbúa í Reykjavík þann 1. janúar 2023 en þeim fjölgar úr 138.633 1. október, 135.969 1. apríl og 135.699 1. janúar 2022.



**222**

...er fjöldi íbúða á reitum þar sem auglýst var á 4. ársfjórðungi nýtt eða breytt deiliskipulag í B-deild Stjórnartíðinda.



**2.119**

er fjöldi íbúða sem byggja má á byggingarhæfum lóðum við árslok 2022 en nú er stefnt að því að hafa tiltækar lóðir fyrir byggingu 1.500 - 3.000 íbúða á hverjum tíma.



**240**

...er fjöldi íbúða í verkefnum sem fengu byggingarleyfi á 4. ársfjórðungi. Fjöldinn var 90 á þeim þriðja, 175 á öðrum og 268 á þeim fyrsta. Alls 773 íbúðir á árinu – auk 105 stúdentaíbúða



**242**

...er fjöldi íbúða sem framkvæmdir hófust við á ársfjórðungnum en alls hefur verið hafist handa við 913 íbúðir á árinu – auk 105 stúdentaíbúða.



**2.478**

...er fjöldi íbúða í byggingu við lok fjórða ársfjórðungs og þar með við lok ársins. Við lok þriðja ársfjórðungs voru 2.484 íbúðir í byggingu, 2.536 við lok þess annars og 2.448 við lok þess fyrsta.



**258**

...er fjöldi nýrra íbúða á fjórða ársfjórðungi. Lokið var við 241 íbúð á þeim þriðja, 173 íbúðir á öðrum og 362 á þeim fyrsta – eða alls 1.034 á árinu



# Fjórti ársfjórðungur 2022

- Á 4. ársfjórðungi var lokið við **258** nýjar íbúðir í Reykjavík og voru **36** þeirra eða um **14%** hagkvæmt húsnæði á viðráðanlegu verði eða félagslegt.
- Á árinu lauk byggingu **1.034** íbúða og voru **408** eða rúm **39%** hagkvæmt húsnæði á viðráðanlegu verði eða félagslegt.
- Skv. ársskýrslu byggingarfulltrúa voru skráðar **1.062** fullgerðar íbúðir í Reykjavík árið 2022 en þær voru **1.252** árið 2021.
- Byggingarfulltrúi samþykkti áform um byggingu **240** íbúða á 4. ársfjórðungi og **773** á árinu öllu, auk **105** stúdentaíbúða.
- Hafin var bygging á **242** íbúðum á fjórða ársfjórðungi og **913** á árinu öllu, auk **105** stúdentaíbúða á Hótel Sögu.
- Þann 12. ágúst var rammisamningur ríkis og sveitarfélaga um átak í húsnæðisuppbyggingu lagður fyrir borgarráð. Gert er ráð fyrir **20.000** nýjum íbúðum á landinu næstu **5** árin og **35.000** næstu **10** árin. Þar af verði **5%** íbúðanna félagslegar í eigu sveitarfélaga og **30%** hagkvæmar á viðráðanlegu verði.
- Hlutdeild Reykjavíkur er **36%** skv. hlutfalli af íbúafjölda en skv. samkomulagi borgar, innviðaráðuneytis og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar frá 5. janúar 2023 er gert ráð fyrir byggingu allt að **2.000** íbúða á ári næstu 5 árin og að jafnaði **1.200** á ári næstu fimm árin eftir það – allt að **16.000** íbúðum til og með 2032.



# Efnisatriði

1. Þróun íbúafjölda
2. Þróun húsnæðisáætlunar
3. Nýjar íbúðir á markað
4. Íbúðir í byggingu
5. Samþykkt byggingaráform
6. Lóðaúthlutanir og samningar
7. Samþykktar byggingarheimildir
8. Staða skipulagsverkefna
9. Húsnæðisfélög






## 1. Þróun íbúafjölda

# Íbúum fjölgaði um **4.229** árið 2022 – þar af um **1.295** á fjórða ársfjórðungi

- Íbúum Reykjavíkur fjölgaði um **1.295** á 4. ársfjórðungi 2022 samanborið við **552** á sama tíma 2021.
- Þeim fjölgaði um **1.551** á þriðja ársfjórðungi 2022, **1.113** á öðrum og **270** á þeim fyrsta.
- Íbúar voru **139.928** þann 1. janúar 2023 og hafði fjölgað samtals um **4.229** á árinu 2022.
- Til samanburðar bjuggu **4.673** á Seltjarnarnesi þann 1. janúar 2023.

Mannfjöldi í Reykjavík 1. janúar og árleg breyting






## 2. Þróun húsnæðisáætlunar


- Grafið sýnir þróun húsnæðisáætlunar eftir stöðu lóða og fjölda íbúða í byggingu
- Heildarfjöldi íbúða á mismunandi skipulags- og byggingarstigum var **23.816** við lok árs 2022
- Íbúðir sem byggja má á byggingarhæfum lóðum voru **2.219** við árslok 2022
- Skv. samkomulagi ríkis og borgar frá 5. janúar 2023 skuldbindur borgin sig til að hafa byggingarhæfar lóðir fyrir **1.500 – 3.000** íbúðir á hverjum tíma.

# 2.219 af 23.816 íbúðum í húsnæðisáætlun á byggingarhæfum lóðum





## 2. Þróun húsnæðisáætlunar




Forvinna

Lýsing

Tillaga auglýst

Tillaga samþykkt

**10.858 íbúðir í skipulagsferli**



markaður



hagkvæmt og grænt

**3.335 íbúðir í samþykktu deiliskipulagi**




markaður



hagkvæmt og grænt

**2.119 íbúðir á byggingarhæfum lóðum**



Íbúðir í byggingu



Fullgerðar 2022 skv. byggingarfulltrúa





### 3. Nýjar íbúðir á markað

# 1.034 nýjar íbúðir í Reykjavík


- Á 4. ársfjórðungi 2022 var lokið við **258** nýjar íbúðir. Á 3. ársfjórðungi var lokið við **241** íbúð, **173** íbúðir á 2. ársfjórðungi og **362** íbúðir á 1. ársfjórðungi.
- Alls var því lokið við **1.034** nýjar íbúðir á árinu 2022.
- Út frá núverandi vitneskju um áætluð lok verkefna gætu á bilinu **3-600** íbúðir klárast á fyrsta fjórðungi ársins 2023.

	Ársfjórðungur	Á markað	Hagkvæmt/fél.
Arkarvogur 2-15 (A) og Bátavogur 1	1	77	74
Árland 10	1	0	6
Ellidabraut 4-10	1	62	21
Grensásvegur 1D & 1E (A)	1	48	2
Rökkvatjörn 3	1	0	6
Tangabryggja 1-3, 5 og 7	1	0	61
Tindasel	1	0	5
Beimabryggja 40 og Gjúkabryggja 2 og 4	2	0	32
Jöfursbás 11 A,D og E	2	0	65
Klausturstígur 6	2	0	11
Norðurbrún 2	2	7	0
Skógarvegur 8	2	37	0
Skólavörðustígur 36	2	2	0
Skyggisbraut 1	2	19	0
Gjúkabryggja 6	3	0	15
Hagasel 23	3	0	7
Haukdælabraut 86	3	1	0
Hlíðarendi C&D (6 verkefni)	3	86	0
Hverfisgata 86a og 88	3	3	0
Klausturstígur 4	3	0	17
Stakkahlíð 3-5	3	0	50
Súðarvogur 2	3	62	0
Arkarvogur 2-15 og Drómundarvogur 2 (7 verkefni)	4	85	0
Brautarholt 18-20	4	64	0
Dunhagi 18-20	4	21	0
Jöfursbás 11 B	4	0	27
Kirkjustétt 4	4	19	0
Silfratjörn 11-15 og Skyggisbraut 3	4	15	3
Stjörnugróf 11	4	0	6
Úlfarsárdalur sunnan Skyggisbrautar (7 verkefni)	4	18	0
	Alls:	<b>626</b>	<b>408</b>
	Heildarfjöldi:	<b>1.034</b>	




#### 4. Íbúðir í byggingu

## Samþykkt áform um byggingu **240** íbúða á 4. ársfjórðungi 2022



Heimild: Byggingarfulltrúinn í Reykjavík

## Framkvæmdir hafnar við **242** íbúðir á 4. ársfjórðungi 2022



Ársfjórðungsskýrsla húsnæðisáætlunar 4/22 | Athafnaborgin



## 5. Samþykkt áform

- Á 4. ársfjórðungi 2022 skráði byggingarfulltrúi á byggingarstig 242 íbúðir – auk 105 stúdentaíbúða á Hótel Sögu – eða alls 347 íbúðir.
- Á 3. ársfjórðungi voru 229 íbúðir skráðar, 177 á 2. ársfjórðungi og 265 á 1. ársfjórðungi.
- Alls voru því framkvæmdir hafnar við 913 íbúðir á árinu 2022 – eða 1.018 að meðtöldum stúdentaíbúðum.

# Framkvæmdir hafnar við **242** íbúðir á 4. ársfjórðungi 2022 – auk **105** stúdentaíbúða

Staðsetning	Íbúðir
Drafnarstígur 3	1
Hallgerðargata 20	42
Haukahlíð 2	54
Haukdælabraut 40	1
Hótel Saga – Hagatorg 1	105
Jöfursbás 5 – matshluti 01	27
Jöfursbás 5 – matshluti 02	23
Jöfursbás 5 – matshluti 03	25
Jöfursbás 9B	24
Njörvasund 21	1
Snorrabraut 54	39
Vitastígur 9	3
Vitastígur 9A	2
<b>Samtals</b>	<b>347</b>



## 6. Lóðaúthlutanir og samningar

- Borgarráð samþykkti á 4. ársfjórðungi 2022 að úthluta **2** lóðum fyrir allt að **205** íbúðir.
- Þær koma til viðbótar við lóðir fyrir **164** íbúðir á fyrsta ársfjórðungi, **345** á öðrum ársfjórðungi og **14** íbúðir á þeim þriðja.
- Alls var því úthlutað lóðum fyrir **728** íbúðir á árinu 2022.

# Lóðum fyrir **728** íbúðir úthlutað á árinu

Lóðaúthlutun Reykjavíkurborgar árið 2022

Fundur borgarráðs	Fjórðungur	Félag	Verkefni	Fjöldi
20.1.2022	1	Félagsbústaðir	Brekkaás 6	7
27.1.2022	1	Sedrus ehf.	Gjúkabryggja 6	115
10.2.2022	1	Gunnar Bjarnason ehf.	Gufunesvegur 36	29
10.2.2022	1	Gunnar Bjarnason ehf.	Þengilsbás 3	13
7.4.2022	2	Félagsstofnun stúdenta	Skerjafjörður I – Otursnes 62	110
7.4.2022	2	Bjarg	Skerjafjörður I – Reginsnes 10	95
5.5.2022	2	Hoos ehf.	Skerjafjörður I – Einarsnes 130	140
7.7.2022	3	Félagsstofnun stúdenta	Vatnsstígur 12 og 12a	14
27.10.2022	4	Iða ehf.	Klapparstígur 1	20
27.10.2022	4	D2001 ehf.	Haukahlíð 4*	185

\* Var áður úthlutað á þriðja ársfjórðungi en úthlutun afturkölluð og úthlutað á ný.

**Samtals**

**728**



## 6. Lóðaúthlutanir og samningar

Reykjavíkurborg áætla að úthluta lóðum undir **1.131** íbúðir árið 2023

Um er að ræða fjölbreyttar lóðir sem borgin áætla að úthluta á næsta ári. Mörg verkefni verða í Breiðholti í kjölfar hverfisSKIPulags. Önnur stór verkefni eru í Skerjafirði, Bryggjuhverfi og Gufunes.

- Lóðir fyrir **155** íbúðir tengjast verkefnum borgarinnar um hagkvæmt húsnæði og grænt húsnæði framtíðarinnar
- Húsnæðisfélög fá úthlutuðum lóðum til uppbyggingar á **390** íbúðum.
- Lóðir undir **586** íbúðir verða seldar í útboði.

# Úthlutunaráætlun fyrir árið 2023

Lóð	Aðili	Próunarreitir / Hverfi	Ársfjórðungur	Hagkvæmt/ Grænt húsnæði	Húsnæðisf élag	Almennur markaður	Alls
Kjalarnes	Hagkvæmt húsnæði	Kjalarnes	2023-ÁF3	20			20
Suðurfell	Ýmsir	Breiðholt	2023-ÁF3	25		75	100
Bryggjuhverfi III	Ýmsir	Ártúnshöfði	2023-ÁF2	110		11	121
Vesturbugt	Ýmsir	Vesturbugt	2023-ÁF2		74	110	184
Stekkjarbakki	Félagsbústaðir	Breiðholt	2023-ÁF1		12		12
Nauthólsvegur	Félagsbústaðir	Vantsmýri	2023-ÁF2		14		14
Haukahlíð 6	Bjarg	Hlíðarendi	2023-ÁF2		70		70
Háaleitisbraut	Bjarg	Ármúli	2023-ÁF2		40		40
Rangársel	Bjarg og Búseti	Breiðholt	2023-ÁF3		100		100
Leirtjörn vestur	Ýmsir	Úlfársdalur	2023-ÁF4		50	50	100
Gufunes II	Auglýsing	Grafarvogur	2023-ÁF4		30	50	80
Kjalarnes	Auglýsing	Kjalarnes	2023-ÁF3			31	31
Skerjafjörður I	Auglýsing	Vantsmýri	2023-ÁF3			209	209
Jórufell	Auglýsing	Breiðholt	2023-ÁF3			50	50
Samtals 2023:				155	390	586	1.131



## 6. Lóðaúthlutanir og samningar

- Borgarráð samþykkti á 4. ársfjórðungi 2022 samkomulag við **1** aðila um uppbyggingu á allt að **43** íbúðum á Kjalarnesi.
- Þessar íbúðir koma til viðbótar samkomulagi við **3** aðila um lóðir fyrir **619** íbúðir á fyrsta ársfjórðungi og samkomulagi við **2** aðila um **344** íbúðir á öðrum ársfjórðungi.
- Alls var því gert samkomulag við **6** aðila um uppbyggingu **1.006** íbúða á árinu 2022.

# Samkomulag um uppbyggingu **1.006** íbúða á árinu

Samkomulag um uppbyggingu á árinu 2022

Fundur borgarráðs	Fjórðungur	Félag	Verkefni	Fjöldi
10.2.2022	1	Sjálfstæðisflokkurinn	Háaleitisbraut 1	27
10.2.2022	1	Sóltún 4 ehf.	Sóltún 2-4	122
24.2.2022	1	BM Vallá	Bíldshöfði 7 og Breiðhöfði 3	470
25.5.2022	2	Miðborg F	Borgartún 41 (Kirkjusandur F)	119
23.6.2022	2	IS ÞL2 ehf.	Kirkjusandur 2	225
6.10.2022	4	Byggingarfélag Jörfa ehf.	Jörfi, Kjalarnesi	43

**Samtals**

**43**




## 7. Samþykktar byggingarheimildir

Við lok 4. ársfjórðungs 2022 var til samþykkt deiliskipulag fyrir lóðir þar sem byggja má **5.554** íbúðir

- Þar af eru **1.799** íbúðir á lóðum sem eru byggingarhæfar og ætlaðar almennum markaði
- Þá eru **420** íbúðir á lóðum sem eru byggingarhæfar og ætlaðar hagkvæmu og grænu húsnæði

Alls er því **2.219** íbúðir á byggingarhæfum lóðum – eða tæp **40%** þeirra íbúða sem eru á lóðum með samþykktum byggingarheimildum

# Heimild fyrir **5.554** íbúðum í deiliskipulagi – þar af **2.219** á byggingarhæfum lóðum





## 8. Staða skipulagsverkefna

# Deiliskipulag í vinnslu

- Í lok árs 2022 voru **10.858** íbúðir á lóðum í deiliskipulagsferli og fjölgar þeim úr **9.038** við lok árs 2021. Af þessum íbúðum er gert ráð fyrir að **3.368** eða rúmlega **31%** verði hagkvæmt húsnæði á viðráðanlegu verði eða félagslegt.
- Fjölgun íbúða milli ára skýrist að mestu af því að nýtt svæði kemur inn við Keldur þar sem nú er reiknað með um **3.500** íbúðum.
- Íbúðum í deiliskipulagsáætlunum sem voru samþykktar og auglýstar í B-deild Stjórnartíðinda fjölgaði einnig. Á öllu árinu var um að ræða **4.013** íbúðir – **2.310** á fyrsta ársfjórðungi, **916** á öðrum, **565** á þriðja og **222** á þeim fjórða.

### 1. Forvinna

Verkefni	H	M
Ártúnshöfði VII (Bí7 & Br3)	94	376
Borgarholtsreitur	0	50
Borgarspítali	63	187
Bræðraborgarstígur 1-5	1	22
Grettsigata 87	2	48
Gufunes – 1. áfangi – C	0	370
Gufunes – 2. áfangi	125	375
Háaleitisbraut – Miklabraut	48	0
Keldur og Keldnaholt	1.500	2.000
Korpa II – Korpúlfsstaðir	29	86
Kringlan 1	74	296
Laugavegur 105	0	36
Laugavegur 114-118	2	48
Laugavegur 159	0	8
Laugavegur – Holt 1	50	150
Lágmúli 2	0	100
Loftleiðir	100	300
Rangársel	50	50
Safamýri	75	125
Skeifan	64	186
Sóleyjarrimi	0	100
Suðurfell	50	50
U-Reitur (BSI)	150	50
Veðurstofuhæð	100	150
Þverholt 18	0	33

Samtals: 2.577 5.196

**7.773**

### 2. Lýsing

	H	M
Leirtjörn vestur	185	115

Samtals: 185 115

**300**

### 3. Tillaga auglýst

Verkefni	H	M
Ártúnshöfði II (Vogur)	510	1.410
Kirkjusandur 2 (A-reitur)	55	170
Kjalarnes – Grundarhverfi	20	61
Vogabyggð III	75	225

Samtals: 660 1.866

**2.526**

### 4. Tillaga samþykkt

Verkefni	H	M
Gufunes – 1B	0	180
Sóltún 2-4	16	63

Samtals: 16 243

**259**

### 5. Auglýst í B-deild 4/2022\*

Verkefni	H	M
Borgartún 34-36	5	95
Borgartún 41 (Kirkjus. – F reitur)	23	92
Reynimelur 66	0	1
Seljavegur 1	0	3
Tröllaborgir 14	0	1
Vesturgata 40	0	2

\*ATHUGIÐ AÐ ÞESSI DÁLKURTELST EKKI MEÐ Í SAMTÖLU UM ÞAÐ SEM ER Í SKIPULAGSFERLI

Samtals: 28 194

**222**

**Heildarfjöldi íbúða í deiliskipulagsferli: 10.858**





## 9. Húsnæðisfélög

- Í töflunni til hægri má sjá hlutdeild hagkvæms húsnæðis á viðráðanlegu verði á hinum ýmsu stigum í ferli húsnæðisuppbyggingar.
- Hér er m.a. átt við hagkvæmt húsnæði fyrir fyrstu kaupendur og ungt fólk sem og húsnæði sem byggt er af húsnæðisfélögum sem byggja leigu- og búseturéttaríbúðir án hagnaðarsjónarmiða.
- Skv. samkomulagi Reykjavíkurborgar, innviðaráðuneytis og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar frá 5. janúar 2023 er gert ráð fyrir að 30% húsnæðis sé byggt með þessum formerkjum en að einnig sé 5% húsnæðis félagslegt í eigu sveitarfélagsins.

# Hlutdeild hagkvæms og græns húsnæðis í uppbyggingu íbúða í Reykjavík

	Markaður	Hagkvæmt	Alls	% hagkvæmt
Lokið á 4 ÁF 2022	222	36	258	14%
Lokið á árinu 2022	626	408	1.034	39%
Íbúðir í byggingu	1.960	518	2.478	21%
Byggingarhæfar lóðir	1.704	415	2.119	20%
Samþykkt deiliskipulag	1.885	1.450	3.335	44%
Deiliskipulag í vinnslu	7.490	3.368	10.858	31%
Próunarsvæði	3.200	1.360	4.560	29%

# Töflur





## 2.478 íbúðir í byggingu

Íbúðir í byggingu	Markaður	Hagkvæmt & grænt
Bergþórugata 18	0	3
Bolholt 7-9 (Háaleitisbraut 1)	38	9
Borgartún 6 og 24	53	15
Brautarholt 4-4a	15	1
Drafnarstígur 3	1	0
Döllugata 2, 4, 6 og 10 (4 verkefni)	4	0
Einarsnes 66b	1	0
Fjólugata 19	2	0
Friggjarbrunnur 31-33	2	0
Furugerði 23 – Bústaðavegur	30	0
Gefjunarbrunnur 10, 11 og 16	6	0
Gerðarbrunnur 13, 16, 18, 46, 48 og 52	6	0
Gissurargata 2 og 7	2	0
Grensásvegur 1 (B, C & D)	119	12
Grettisgata 9a og 9b	4	0
Gæfutjörn 4-6 (Reitur G við Leirtjörn)	16	0
Hallgerðargata 1 (E reitur), 18 og 20	84	42
Haukdælbraut 1, 13, 44, 46, 68, 88, 92, 116	8	0
Héðinsgata 8	0	2
Héðinsreitir (Seljavegur 2, Mýrargata 33-39 Vesturgata 64)	261	0
Hlíðarendi C og D (11 verkefni)	156	0
Hólaland	0	7
Hótel Saga – Félagsstofnun stúdenta	0	105
Hraunberg 4	0	5
Hraunbær 133 og 143	58	64
Hverfisgata 90 og 100	9	0
Jarpstjörn 1-3, 2-4, 5-11, 6-14, 13-17, 16-20 og 19-27	54	0
Jöfursbás 5, 7 og 9	148	48
Jöldugróf 6	1	0
Jörfagrund 54-60	13	0
Kuggavogur 2 og 26	103	4
Laugavegur 35 (Vatnssstígsreitir), 50 og 51	32	0
Lautarvegur 10, 12, 20, 22, 26 og 28	13	0
Lindargata 44	0	10
Lofnarbrunnur 30, 32 og 34	3	0

Íbúðir í byggingu (framhald)	Markaður	Hagkvæmt & grænt
Njálsgata 60	8	0
Njörvasund 21	1	0
Rofabær 7-9	31	0
Rökkvatjörn 1 og Gæfutjörn 10-14	21	0
Skyggisbraut 13-15	16	0
Rökkvatjörn 2, 5-11, 6-8 og 10-16	78	0
Sifjarbrunnur 7, 28, 30 og 32	4	0
Silfratjörn 6-12, 14-18 og 20-24	7	3
Skipholt 1 og 5	36	0
Skógarhlíð 22 (Þóroddsstaðir)	4	0
Skógarvegur 4 og 10 (Sléttuvegur 25-27)	0	87
Skúlagata 26 - Vitastígur 3	29	0
Skyggisbraut 5 og 7 (G - Leirtjörn, 2 verkefni)	24	0
Snorrabraut 54	32	7
Snorrabraut 60	35	0
Sólvallagata 79 (Steindórsreitir/Grandatorg)	77	7
Starmýri 2A	20	0
Stefnisvogur 2	71	0
Sundlaugavegur 24	1	0
Súðarvogur 9a, 9b og 11	28	18
Urðarbrunnur (26 verkefni)	47	0
Urðarstígur 16A	1	0
Úlfarsbraut 6, 8, 14, 106 og 112	10	0
Vatnsholt 1 og 3	0	51
Vatnssstígur 4 (Vatnssstígsreitir)	13	0
Vesturgata 67	0	6
Vigdísarlundur/Fossvogsvegur 8	15	0
Vitastígur 7, 9 og 9a	8	0
Víðimelur 29	5	0
Vverholt 13-15	37	1
Samtals	1.960	518
Heildarsumma		2.478



# Til eru byggingarhæfar lóðir þar sem byggja má **2.219** íbúðir

Lóð	Markaður	Hagkvæmt
Borgartún 34-36	95	5
Borgartún 41 (Kirkjusandur F-reitur)	92	23
Brekknáás 6 (Vindás)	0	6
Brekknáás/Vindás	0	60
Vogabyggð II – Dugguvogur 42	27	0
Döllugata 1	1	0
Eggertsgata 4 (stúdentagarðar)	0	4
Eirhöfði 7 (Lóð 2)	88	22
Frakkastígur 1	20	0
Friggjarbrunnur 39-41	2	0
Frostaskjól (KR-svæði)	80	20
Grandavegur 47	2	0
Grettisgata 5	1	0
Gufunesvegur 32	72	0
Haukdælabraut 40 og 42	2	0
Háaleitisbraut 1	22	7
Háteigsvegur 59 (Vatnsholt)	0	8
Hekloreitur A – Laugavegur 168	73	18
Hekloreitur B – Laugavegur 170	92	23
Héðinsreitur – Vesturgata 64 (1. áfangi – 1. mhl.)	51	0
Hlíðarendi G – Haukahlíð 2 (síðari áfangar – mhl. 4-11)	105	26
Hlíðarendi H – Haukahlíð 4	148	37
Hverfisgata 98	6	0
Jöfursbás 9	0	14
Njálsgata 36	3	0
Njörvasund 21	1	0
Nýlendugata 21 og 21a	6	0
Orkureitur A – Suðurlandsbraut 34/Ármúli 31	56	14
Orkureitur B – Suðurlandsbraut 34/Ármúli 31	85	21
Orkureitur C – Suðurlandsbraut 34/Ármúli 31	90	23
Orkureitur D – Suðurlandsbraut 34/Ármúli 31	118	29
Óðinsgata 19	1	0
Selásbraut 130	0	12

Lóð	Markaður	Hagkvæmt
Selásbraut 132	0	12
Sigtúnsreitur (austur)	50	0
Sigtúnsreitur (vestur)	50	0
Silfratjörn 5, 7 og 9	3	0
Skyggnisbraut 21-23	0	36
Snorrabraut 85	1	0
Urðarbrunnur 96 og 98	2	0
Úlfarsárdalur – Sunnan Skyggnisbrautar	23	0
Vesturberg 78	1	0
Vogabyggð I – Stefnisvogur 1	51	0
Vogabyggð I – Stefnisvogur 12	68	0
Vogabyggð I – Stefnisvogur 24	70	0
Vogabyggð I – Stefnisvogur 36	63	0
Vogabyggð II – Kleppsmýrarvegur 6	51	0
Vogabyggð II – Kleppsmýrarvegur 8	28	0
Samtals:	1.799	420
<b>Heildarsumma:</b>		<b>2.219</b>

## Byggingarhæfar lóðir í bið

Lóð	Markaður	Hagkvæmt
Gufunesvegur 36	29	0
Hekloreitur C	69	17
Hekloreitur D	80	20
Hekloreitur E	57	14
Hlíðarendi A	63	3
Þengilsbás 3	13	0
Samtals:	312	54
<b>Heildarsumma:</b>		<b>366</b>



# Deiliskipulag hefur verið samþykkt fyrir lóðir þar sem byggja má **3.335** íbúðir

Lóð	Markaður	Húsnæðisfélög
Arnarbakki 2	0	26
Arnarbakki 4	0	39
Arnarbakki 6	25	0
Ártúnshöfði I - Breiðhöfði (Lóð 3)	110	30
Ártúnshöfði I - Breiðhöfði (Lóð 8)	128	32
Ártúnshöfði I - Breiðhöfði 9 (Lóð 12B)	44	10
Ártúnshöfði I - Breiðhöfði 15 (Lóð 12A)	92	23
Ártúnshöfði I - Breiðhöfði 27 (Lóð 11)	65	15
Ártúnshöfði I - Eirhöfði 1 (Lóð 7)	120	30
Ártúnshöfði I - Eirhöfði 2 (Lóð 1)	116	29
Ártúnshöfði I - Eldshöfði/Steinhöfði (Lóð 5)	84	21
Ártúnshöfði I - Eldshöfði/Svarthöfði/Steinhöfði (6)	96	24
Ártúnshöfði I - Steinhöfði/Breiðhöfði/Stórhöfði (9A)	2	8
Ártúnshöfði I - Steinhöfði/Stórhöfði (Lóð 9B)	120	30
Ártúnshöfði I - Steinhöfði/Stórhöfði (Lóð 9C)	112	28
Ártúnshöfði I - Steinhöfði/Svarthöfði (Lóð 10A)	0	90
Drafnarfell 2-4	5	0
Drafnarfell 14-18	12	0
Dugguvogur 4	20	0
Eddufell 2-4	14	0
Einarsnes 130	0	140
Bryggjuhverfi III - Gjúkabryggja (Lóð J)	11	0
Bryggjuhverfi III - Gjúkabryggja 4 (Lóð D)	0	110
Bryggjuhverfi III - Gjúkabryggja 6 (Lóð G)	0	84
Háteigsvegur 35 (Vatnsholt)	0	60
Hlíðarendi I - Haukahlíð 6	0	70
Kjalarnes - Grundarhverfi - Jörfagrund	13	10
Nauthólsvegur 79	65	0
Nauthólsvegur 87	0	166
Skerjafjörður I - Otursnes 62	0	110

Lóð	Almennar	Húsnæðisfélög
Reginsnes 10	0	95
Seljavegur 1	3	0
Sifjarbrunnur 32	0	15
Skektuvogur 1	82	20
Skerjafjörður I	345	0
Vatnss tígur 10-12 (og Lindargata 42-46)	0	11
Vesturbugt	110	74
Völvufell 1-11	12	0
Völvufell 13-23	12	0
Völvufell 25-35	12	0
Völvufell 37	0	50
Völvufell 43	40	0
Völvufell 45	6	0
Yrsufell 2A	12	0
Samtals:	1.885	1.450
Heildarsumma:		<b>3.335</b>



Reykjavík

# Húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar

Yfirlit 4. ársfjórðungs og heildaryfirlit ársins 2022

---

---

Athafnaborgin  
Apríl 2023



Borgarráð

### **Stafræn húsnæðisáætlun Reykjavíkur til ársins 2032**

Lagt er til að borgarráð staðfesti stafræna húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar til næstu 10 ára. Áætlunin er nú lögð fram í annað sinn en hún er sem fyrr unnin að frumkvæði Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) með það að markmiði að staðla og koma húsnæðisáætlunum allra sveitarfélaga á Íslandi á stafrænt form og auðvelda þannig samanburð og aðgengi allra aðila á húsnæðismarkaði.

Greinargerð:

Í stafrænni húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar er sett fram á einum stað greining á stöðu húsnæðismála og veitt yfirlit yfir aðgerðir borgarinnar í húsnæðismálum. Þær eiga það sammerkt að mæta áskorunum á húsnæðismarkaði og stuðla að því að ná markmiðum Reykjavíkurborgar í húsnæðismálum.

Í stafrænu húsnæðisáætluninni eru sett fram töluleg markmið um fjölda íbúða sem þurfa að fara í uppbyggingu til lengri og skemmri tíma. Tölfræði og annað efni húsnæðisáætlunarinnar hefur verið uppfært eftir því sem við á og byggir á þeirri útgáfu sem lögð var fram vorið 2022 sem og þeirri áætlun sem uppfærð var og lögð fram í borgarráði þann 10. nóvember 2022. Tölur og spár hafa einnig verið uppfærðar í takti við markmið samkomulags milli Reykjavíkurborgar, innviðaráðuneytisins og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um aukið framboð íbúðarhúsnæðis 2023-2032 og fjármögnun uppbyggingar hagkvæmra íbúða og félagslegs húsnæðis. Samkomulagið, sem samþykkt var í borgarráði 5. janúar sl., felur í sér að hafist verði handa við að byggja 2.000 íbúðir á ári á næstu fimm árum og að á hverjum tíma séu til reiðu byggingarhæfar lóðir fyrir allt að 1.500 – 3.000 íbúðir. Á tíu árum er markmiðið að byggja 16.000 íbúðir en þó alltaf í samhengi við þörf á húsnæðismarkaði. 30% íbúðanna verði hagkvæmar á viðráðanlegu verði og 5% félagslegar í eigu sveitarfélagsins.

Uppfærð húsnæðisáætlun 2023 er drifin áfram af markmiðum sem teygja sig upp í efri mörk vaxtar. Í henni er því miðað við háspá Hagstofunnar um fólksfjöldaþróun og íbúðaþörf.

Í áætluninni er að finna mannfjöldaspá, áætlun um húsnæðisþörf eftir mismunandi búsetuformum og upplýsingar um íbúðir í byggingu, sem byggir á talningu HMS sem framkvæmd var í september 2022. Í áætluninni er einnig að finna yfirlit yfir lóðir fyrir nýbyggingar og stöðu og áætlaða þörf fyrir þjónustu og innviði sem tekur til leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og hjúkrunarrýma.

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri

Hjálagt:

Húsnæðisáætlun 2023 – Skýrsla HMS, ódags.

## Húsnæðisáætlun 2023


**Sveitarfélagsnúmer:** 0000

**Áætlunarsvæði:** Reykjavíkurborg

**Kennitala:** 530269-7609

**Landshluti:** Höfuðborgarsvæði

**Heimilisfang:** Ráðhúsi Reykjavíkur, 101 Reykjavík





# Efnisyfirlit

Mannfjöldaspá.....	3
Forsendur fyrir mannfjöldaspá .....	3
Lýsing á atvinnuástandi .....	4
Íbúðþörf .....	5
Áætluð íbúðþörf.....	5
Markmið um hagkvæmar íbúðir.....	5
Markmið sveitarfélagsins varðandi íbúðauppbýggingu .....	6
Búsetuform.....	7
Áætluð þörf eftir búsetuformum .....	8
Samanburður á áætlaðri þörf fyrir búsetuform og getu.....	9
Þjónusta og innviðir.....	10
Samanburður á áætlaðri þörf og getu.....	11
Lóðir og skipulag .....	13
Markmið sveitarfélagsins í lóðamálum .....	13
Íbúðir í byggingu .....	17
Samanburður.....	18
Viðauki – Spurningar úr áætlanagerfi .....	19

## Lykiltölur

Mannfjöldaspá +5 ár (miðspá)	Mannfjöldaspá +10 ár (miðspá)	Íbúðir í byggingu (september 2021)	Íbúðir í byggingu (september 2022)
<b>9.880</b> ↑7,4%	<b>20.487</b> ↑15,2%	<b>2.450</b>	<b>2.433</b> ↓-0,7%
Áætluð íbúðþörf +5 ár (miðspá)	Áætluð íbúðþörf +10 ár (miðspá)	Fjöldi íbúða á skipulögðum lóðum +5 ár	Fjöldi íbúða á skipulögðum lóðum +10 ár
<b>7.702</b> ↑13,6%	<b>13.694</b> ↑24,1%	<b>14.431</b>	<b>24.567</b>

# Mannfjöldaspá

## Íbúaspá fyrir Reykjavík og mat á íbúðapörf til ársins 2032, uppfærð í takti við markmið í Húsnæðisáætlun Reykjavíkur og samkomulagi um húsnæðisuppbýggingu (jan 2023), 2023-2032:


Íbúaspá AR2040 er lögð til grundvallar en hún byggir á landsspá Hagstofunnar og gerir ráð fyrir að hlutdeild Reykjavíkur í íbúafjölda Íslands og höfuðborgarsvæðis vaxi verulega á skipulagstímabilinu. Við uppfærslu íbúaspár, er horft til þróunar ár fyrir ár; í spá til viðmiðunar í húsnæðisáætlun (III) er gert ráð fyrir örrari íbúafjölgun (1,82%/ári) á fyrri hluta tímabils en hægari vexti seinni hluta tímabils (1,43%/ári).

Vegna þess húsnæðisátaks sem hefur verið boðað, ekki síst til næstu 5 ára, er gefin sú forsenda að meðalfjöldi íbúa á íbúð lækki hraðar en áður var ráð fyrir gert, en hægi síðan á þeirri lækkun eftir 2030. M.ö.o. gert er ráð fyrir að ganga hraðar á uppsafnaða reiknaða þörf og ná settum markmiðum fyrr en áður var ráðgert. Tekið er mið af langtímaspá Hagstofunnar út frá íbúafjölda 2030 og 2040 og árlegur meðalvöxtur reiknaður út frá því og gert ráð fyrir jöfnum vexti.

Uppfærð húsnæðisáætlun 2023 er drifin áfram af markmiðum sem teygja sig upp í efri mörk vaxtar. Í henni er því miðað við háspá Hagstofunnar um fólksfjöldaþróun og íbúðapörf.

Taflan hér að neðan sýnir spá um þróun mannfjölda í sveitarfélaginu fram til ársins 2032. Fjöldi íbúða er reiknuð stærð og tekur mið af mannfjölda og fjölda íbúa í hverri íbúð.

	2022	2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030	2031	2032
<b>Háspá</b>											
Mannfjöldi	138.402	140.915	143.473	146.077	148.729	151.428	154.177	156.976	159.219	161.494	
Mannfjöldabreyting %	1,8	1,8	1,8	1,8	1,8	1,8	1,8	1,8	1,4	1,4	
Fjöldi íbúða	59.146	60.739	62.652	64.351	66.397	67.905	69.449	71.030	72.045	73.406	
Íbúðafjöldi breyting %	3,1	2,7	3,2	2,7	3,2	2,3	2,3	2,3	1,4	1,9	
Íbúar í hverri íbúð	2,34	2,32	2,29	2,27	2,24	2,23	2,22	2,21	2,21	2,20	
<b>Miðspá</b>											
Mannfjöldi	136.314	138.261	140.237	142.241	144.273	146.335	148.426	150.547	152.698	154.880	
Mannfjöldabreyting %	1,4	1,4	1,4	1,4	1,4	1,4	1,4	1,4	1,4	1,4	
Fjöldi íbúða	58.254	59.595	61.239	62.661	64.408	65.621	66.859	68.121	69.094	70.400	
Íbúðafjöldi breyting %	2,7	2,3	2,8	2,3	2,8	1,9	1,9	1,9	1,4	1,9	
Íbúar í hverri íbúð	2,34	2,32	2,29	2,27	2,24	2,23	2,22	2,21	2,21	2,20	
<b>Lágspá</b>											
Mannfjöldi	134.238	135.635	137.046	138.473	139.913	141.369	142.841	144.327	145.829	147.346	
Mannfjöldabreyting %	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	
Fjöldi íbúða	57.367	58.463	59.845	61.001	62.461	63.394	64.343	65.306	65.986	66.975	
Íbúðafjöldi breyting %	2,3	1,9	2,4	1,9	2,4	1,5	1,5	1,5	1,0	1,5	
Íbúar í hverri íbúð	2,34	2,32	2,29	2,27	2,24	2,23	2,22	2,21	2,21	2,20	



## Lýsing á atvinnuástandi

### Framþróun fjölbreytts atvinnulífs kallar á sveigjanleika í skipulagsgerð og nýtingu húsnæðis

Atvinnulífið í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu er fjölbreytt. Það er helsti styrkur þess og mikilvægt er að viðhalda þeirri fjölbreytni eftir fremsta megni. Í Reykjavík eru helstu atvinnusvæðin á höfuðborgarsvæðinu og landinu öllu, hvort sem litið er til starfsemi á sviði hátækni og þekkingar, rannsókna, háskóla, fjármála, verslunar og þjónustu, opinberrar stjórnsýslu, menningar og lista, ferðaþjónustu, matvælaframleiðslu, flutninga eða iðnaðar. Reykjavík þarf áfram að styrkja hlutverk sitt sem höfuðborg landsins og forystu-afl í vaxandi alþjóðlegri samkeppni um fyrirtæki, vinnuafli og ferðamenn. Það er brýnt að viðhalda breiddinni og fjölbreytninni í atvinnulífinu og skapa samtímis vaxtarskilyrði fyrir nýjar atvinnugreinar, ekki síst á sviði hátækni og nýsköpunar, grænnar orkunýtingar, menningar og afþreyingariðnaðar.


Það eru vissulega ýmsar blikur á lofti og mikil gerjun og þróun á sviði einstakra atvinnugreina, sem getur haft áhrif á vinnuafliþörfina og þörfina fyrir land og húsnæði. Sjálfvirkni og afkastageta í framleiðslu og þjónustu, sem hefur raunar farið stöðugt vaxandi síðan í byrjun 19. aldar, eykst nú sem aldrei fyrr og breytingarnar eru sífellt örari. Hin aukna sjálfvirkni sem stundum er nefnd fjórða iðnbyltingin getur haft veruleg áhrif á stærðarþarfir iðnaðarins, landþörf og staðarval. Hin opna skrifstofa og að sitja þéttar í vinnurýmum skrifstofa og aukið vægi fjarvinnu, sveigjanlegri vinnutími, færanlegar vinnustöðvar og deililausnir í nýtingu húsnæðis geta sömuleiðis haft veruleg áhrif á nýbyggingarþörf skrifstofuhúsnæðis og húsnæðis almennt. Reynslan af aukinni fjarvinnu á tímum Covid-19 gefur sannarlega til kynna mögulegar breytingar í þessa veru. Og aukin netverslun og heimsendingarþjónusta getur haft áhrif á smásöluverslun og þar með á þörfina fyrir þjónusturými á jarðhæðum í húsum. Í ljósi þessa er mikilvægt að skapa meiri sveigjanleika í skipulagsgerðina, stuðla að endurnýtingu eldra atvinnuhúsnæðis, m.a. með heimildum um að umbreyta því í íbúðarhúsnæði, og endurskoða reglulega húsnæðisþarfir og landþarfir.

